

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

13. fundur.

Haldinn á skrifstofu Kaupfélags Suðurnesja í Keflavík þann 11.8. og hófst klukkan 17⁰⁰.

Mættir voru fulltrúar allra sveitarfélaganna ásamt nýráðnum skólameistara, Jóni Böðvarssyni.

Formaður setti fundinn og bauð skólameistara velkominn til starfa. Jafnframt kvaðst hann vilja þakka þeim Rögnvaldi Sæmundssyni og Ingólfi Halldórssyni þeirra miklu og ágætu undirbúningsstörf er þeir hefðu af höndum leyst á undanförunum mánuðum.

Skólameistari þakkaði góðar óskir sér til handa og þakkaði nefndarmönnum það traust er þeir hefðu sýnt honum með því að mæla með því að hann hlyti stöðuna. Kvaðst skólameistari vonast til, að samstarfið við nefndina yrði gott og ánægjulegt.

Þá sagðist hann hafa rætt við þá Rögnvald og Ingólf og væri hann mjög ánægður með hversu vel þeim hefði gengið við undirbúningsstarf það er þeim var falið að annast.

Fram kom á fundinum að auglýst hefur verið eftir kennurum til starfa við skólann og er umsóknarfrestur til 20. p.m.

Formaður upplýsti að enn væri ýmislegt óunnið við nýbygginguna og var skólameistara falið að ýta á eftir við þær framkvæmdir.

Húsgögn (borð og stólar) hafa þegar verið pöntuð, en skólameistari tók að sér að annast val og pöntun á skólatöflum.

Skólameistari og nefndarmenn voru sammála um að stefna að því að hefja skólahald eigi síðar en 20. september, verði þess nokkur kostur.

Kennslutækjakaup virðast greinilega verða stærsti kostnaðarliðurinn. Tækjapörfin er ekki að fullu könnuð og því liggja engar tölur fyrir um þennan lið, en reynt verður að ~~þjálkaxxið~~ leggja fram sem fyrst skrá yfir þau tæki sem nauðsynlegust eru.

Skólaakstur var næst til umræðu. Var ákveðið að fela skólameistara

að skipuleggja aksturinn í samráði við skólastjóra Gagnfræðaskólans í Keflavík, kanna þann nemendafjölda sem á akstri þarf að halda og því næst að auglýsa eftir tilbóðum í aksturinn.

Mötuneyti: Húsnæði fyrir mötuneyti er ekki fyrir hendi, en slíkt húsnæði eða mötuneytisaðstaða er nemendum nauðsynleg.

Samþykkt var að fela Gunnari Sveinssyni og Ingvari Jóhannssyni að leita eftir húsnæði og manneskju sem fánleg yrði til að annast rekstur slíks mötuneytis.

Bókasafn: Ekki eru taldar líkur á að bókasafn gagnfræðaskólans verði tilbúið í byrjun skólaárs, en skólameistara og Ingólfi Halldórssyni var falið að reyna að ýta á eftir framkvæmdum og jafnframt að athuga um hugsanlega bráðabirgðalausn þessa máls.

Öldungadeild: Aðspurður kvað skólameistari ekkert vera því til fyrirstöðu af sinni hálfu að starfrækja "öldungadeild" við skólann ef aðsókn yrði nægilega mikil, væri hann því meira að segja mjög hlynntur.

Fleira var ekki rætt. Formaður boðaði til næsta fundar miðvikudaginn 18. þ.m. í skólanum klukkan 17⁰⁰, og sleit því næst fundi.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson (sign)